

# ALÞINGISKOSNINGAR 27. APRÍL 2013

## AUGLÝSING FRÁ YFIRKJÖRSTJÓRN REYKJAVÍKURKJÖRDÆMIS SUÐUR UM MÓTTÖKU FRAMBOÐSLISTA OG FLEIRA

**Framboðsfrestur til alþingiskosninga 27. apríl 2013 rennur út föstudaginn 12. apríl nk. kl. 12 á hádegi.**

**Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður tekur á móti framboðslistum þann dag kl. 10 -12 á bókasafni Hagaskóla, Fornhaga 1, II. hæð.**

Á framboðslista skulu vera 22 nöfn frambjóðenda. Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Fjöldi meðmælanda skal vera 330 að lágmarki og 440 að hámarki.

Enginn kjósandi getur mælt með fleiri en einum framboðslista. Komi það fyrir stríkast nafn kjóсандans út í báðum/öllum tilvikum. Loks skal fylgja framboðslista skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Allar framan- greindar yfirlýsingar skulu ritaðar eigin hendi.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir eru í kjöri. Mælst er til að framboðslistum og listum yfir meðmælandur verði einnig skilað á rafrænu formi.

Að öðru leyti er vísað til ákvæða laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, með síðari breytingum.

Meðan kosning fer fram, laugardaginn 27. apríl nk., verður aðsetur yfirkjörstjórnar í Hagaskóla, þar sem talning atkvæða mun fara fram að kjörfundi loknum.

Reykjavík, 27. mars 2013

**Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður**